

Greinargerð

Engjaskóli, 24.06.2025



Innra mat skólans

Inngangur

Greinargerð um innra mat fyrir skólaárið 2024-2025

Í þessari greinargerð er gerð grein fyrir innra mati Engjaskóla. Sett er fram matsáætlun sem sýnir viðfangsefni matsins, hvenær þau eru metin ásamt nánari lýsingu á því hvernig matið fer fram. Helstu niðurstöður eru settar fram þar sem lögð er áhersla á að fjalla um þætti sem best komu út og þá þætti sem þarfnast umbóta. Unnið er með umbótaþætti áfram í umbótaáætlun.

Tilgangur með sjálfsmati skóla er fyrst og fremst að mera umbótamiðað það er að greina stöðuna, vinna áætlun um hvað vel er gert og hvað má betur fara og vinna umbótaáætlun í framhaldinu.

Í greinum 35. og 36. í Lögum um grunnskóla frá 2008 ber öllum grunnskólum að framkvæma innra mat. Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir. Innra matið verður stöðugt að vera í gangi og er langtímiðmiðað. Með því fer fram viðtæk gagnasöfnun um skólastarfið. Innra mat skóla er því leið til að miðla þekkingu um skólastarfið og er liður í þróun skólans.

Samkvæmt 5., 6. og 37. greinum Grunnskólalaga er það í verkahring sveitastjórna að sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs. Þær upplýsa ráðuneytið um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Samkvæmt 38. grein grunnskólalaga kemur fram að menntamálaráðuneytið annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaoöflun.

Skólar geta valið hvaða aðferðum þeir beita í sjálfsmatsvinnunni. Ákveðin viðmið sem skólum er ætlað að uppfylla í sjálfsmatsvinnunni eru gefin út á vegum ráðuneytisins svo og leiðbeiningar um sjálfsmat. Til að mat teljist uppfylla viðmið laga þarf það að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert

Um innra mat skólans

Markmið með innra mati skólans er að bæta árangur og gæði skólastarfsins en unnið er út frá útgefnum [gæðaviðmiðum um skólastarf](#), [menntastefnu Reykjavíkurborgar](#) og áherslum skólans.

Allt starfsfólk tekur þátt í innra mati skólans en fagmennsku/þróunarteymi skólans leiðir matið, heldur utan um skipulagningu og framkvæmd þess, rýnir í niðurstöður og setur fram umbótaáætlun. Í fagmennsku/þróunarteyminu eru skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri stoðþjónustu og fulltrúi yngra stigs og teymið fundar 3 - 4 sinnum á önn.

Engjaskóli notar vefkerfið [Bravo Lesson](#) til að halda utan um innra matið.

Sjálfsmatið er unnið með hliðsjón af við líkani sem Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga gaf út árið 2012. Líkan þetta er kynnt í bæklinginum Viðmið um gæði í skólastarfi fyrir ytra mat á grunnskólum. Við úttekt á skólastarfi styðjast ráðgjafar ráðuneytisins við þennan bækling. Í bæklingnum kemur fram að:

„Viðmiðin sem hér fara á eftir, eru fyrst og fremst byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Áherslur og straumur í skólastefnum sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands voru einnig hafðir til hliðsjónar auk Sameiginlegrar framtidarsýnar fyrir grunnskólastarfið 2007-2020. Einnig var horft til viðmiða Reykjavíkurborgar í heildarmati á grunnskólum.“

Viðmiðin eru flokkur í 3 yfirþætti:

1. Stjórnun og fagleg forysta
2. Nám og kennsla
3. Innra mat,

Matshópur Engjaskóla skólaárið 2024-2025 samanstóð af öllu starfsfólk skólans. Í stýrihópi um innra mat Engjaskóla voru Álfheiður Einarsdóttir skólastjóri, Hrafnhildur Inga Halldórsdóttir aðstoðarskólastjóri, Olga Hrönn Olgeirsdóttir deildarstjóri stoðþjónustu og Helga Guðrún Loftsdóttir umsjónarkennari. Gögn voru rýnd t.d. Skólapúlsinn, gögn frá skólapingi, fundargerðir frá nemendaráði og skólaráði, formskannanir á foreldra og nemendur og umbótaáætlun frá síðasta skólaári. Engjaskóli er þátttakandi í þróunarsamstarfi um innra mat með grunnskólum í Austurhluta Reykjavíkur. Stuðst er við kerfið BravoLesson til að skrá og halda utan um innra mat Engjaskóla.

Engjaskóli tekur þátt í þróunarverkefni ásamt öllum grunnskólum frá Austurmiðstöð. Þetta er þróunarverkefni um innra mat og umbótastarf. Við höfum fengið styrk úr þróunar- og nýsköpunarsjóði Reykjavíkurborgar og heldur stýrihópur utan um verkefnið. Sigrún Harpa er handleiðari verkefnisins. Unnið er eftir Gæðaviðmiðum MMS og kerfið BravoLesson nýtt til að

halda utan um innra mat skólans. Skólaárið 2024-2025 var unnið sérstaklega með þættina í 2. kafla 2.3. Gæði kennslu og kafla 1. 1.4. Umbætur og innleiðing breytinga.

2022-2023 voru kaflarnir. Árangur náms og 2.6. Ábyrgð og þátttaka 2.6.

2023-2024 voru kaflarnir 2.1. Inntak og námskrár, 1.2. Faglegt samstarf og samræða. Á næsta skólaári 2024-2025 verða metnir kaflarnir 2.3. Gæði kennslu og 1.4. Umbætur og innleiðing breytinga.

Stjórnendur fara reglulega í vettvangsheimsóknir í kennslustundir og hafa til hliðsjónar gátlista leiðsagnarnáms og gátlista MMS. Rýnt er í þá þætti sem stjórnendur og kennarar hafa tekið ákvörðun um að meta sérstaklega yfir veturinn.

Innra mat – Matsáætlun

Matsáætlun um innra mat

Skólinn vinnur matsáætlun fyrir innra matið þar sem sést hvenær helstu þættir eru metnir og hvernig (sjá áætlun hér fyrir neðan) en nákvæm verkáætlun fyrir skólaárið er unnin í BRAVOLesson.

Gæðaviðmið grunnskóla

Þættir í gæðaviðmiðum grunnskóla eru metnir á matsfundum með fagmennsku/þróunarteymi sem fara þannig fram að þátttakendur ígrunda út frá viðeigandi gögnum og koma sér saman um niðurstöðu. Matsfundir með kennurum og/eða öllu starfsfólki fara fram tvisvar sinnum á ári.

Vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika skólans en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun skólans. Ákveðnir kaflar í gæðaviðmiðunum eru einungis metnir af fagmennsku/þróunarteymi skólans.

Menntastefna Reykjavíkurborgar

Áherslur menntastefnu Reykjavíkur eru félagsfærni, sjálfsefning, læsi, sköpun og heilbrigði. Staða skólans út frá áherslupáttunum er metin með gátlistum menntastefnu á matsfundum með starfsfólki og/eða fagmennsku/þróunarteymi skólans. Það auðveldar skólanum að halda markvisst utan um innleiðinguna og sjá framþróun menntastefnunnar. Engjaskóli metur skólastarfið út frá gæðaviðmiðum MMS og menntastefna Reykjavíkurborgar og styðst við þá gátlista sem eru í boði. Kvarðarnir eru fimm í menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Áherslupættir skólans eru.

Sameiginleg viðmið skólanna í Austur úr gæðaviðmum MMS. Gæði kennslu 2.1 og Faglegt samstarf og samræða 1.2.

Námsárangur nemenda

Niðurstöður námsmats eru nýttar til að bæta nám og kennslu einstaklinga og hópa/bekkja jafnóðum en í innra mati er námsárangur greindur út frá skólanum í heild. Námsmat sem skólinn nýtir í innra mati er lesfímipróf, sem eru greind og metin út frá útgefnum viðmiðum prófanna og matsferil, lesmál í 2. bekk og Orðarún 5.-7. bekk.

Viðhorf og líðan

Viðhorfskannanir Skólapúlsins eru lagðar fyrir nemendur í 2. - 7. bekk 2 sinnum á skólaári. Þeir þættir sem eru marktækt yfir meðaltali eru taldir með styrkleikum skólans en þeir þættir sem eru marktækt undir meðaltali fara í umbótaferli, þættir sem eru með 0,4 í frávík. Einnig er skoðað hvernig niðurstöður skólans próast yfir tíma og gripið til aðgerða ef þurfa þykir. Opin svör eru flokkuð og greind og sett í styrkleika eða umbætur eftir því sem við á.

Viðhorf og líðan starfsfólks metin í gegnum Skólapúlsinn og Viðhorfakönnun Gallups sem Reykjavíkurborg leggur fyrir.

Viðhorf foreldra er meðti í gegnum Skólapúlsinn.

Sömu vinnubrögð eru notuð við greiningu á viðhorfskönnun nemenda í Íslensku æskulýðsrannsókninni, viðhorfskönnun til starfsfólks og viðhorfskönnun foreldra.

Matsáætlun skólans

Matsáætlun skólans

Stjórnun og fagleg forysta	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
1.1 Samvikni í stefnumótun			X		
1.2 Faglegt samstarf og samræða					
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	X	X			
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga				X	
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	X	X	X	X	X
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting			X		
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsfólks			X		

Nám og kennsla	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
2.1 Inntak og námskrá	X	X			
2.2 Árangur náms	X	X	X	X	X
2.3 Gæði kennslu	X	X	X	X	X
2.4 Skipulag náms	X	X	X	X	X
2.5 Námsvitund	X	X	X	X	X
2.6 Ábyrgð og þátttaka	X	X	X	X	X

Innra mat	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
3.1 Skipulag	X	X	X	X	X
3.2 Framkvæmd	X	X	X	X	X
3.3 Umbætur	X	X	X	X	X

Námsárangur nemenda	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
Lesfimi	X	X	X	X	X
Lesmál í 2. bekk	X	X	X	X	X
Vitnisburður að vori rýndur	X	X	X	X	X
Matsferill	X	X	X	X	X
Orðarún 4.-7. bekkur	X	X	X	X	X

Viðhorf og líðan	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
Skólapúlsinn nemendur	X	X	X	X	X
Skólapúlsinn starfsmenn	X	X	X	X	X
Skólapúlsinn foreldrar	X	X	X	X	X
Gallup starfsmannakönnun Reykjavíkurborgar	X	X	X	X	X

Menntastefna og stefna skólans	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
Félagsfærni	X	X	X	X	X
Sjálfsefning	X	X	X	X	X
Læsi	X	X	X	X	X
Sköpun	X	X	X	X	X
Heilbrigði	X	X	X	X	X
Innleiðing á nýjum viðmiðum úr aðalnámskrá					

Gæðaviðmið um skólastarf

Stuttur texti um þá kafla sem voru metnir

2.1. Inntak og námskrá

Á síðasta skólaári voru sameiginlegar áherslur hjá skólum í Austur á gæðaviðmiðum sem skilgreind eru í kaflanum um inntak og námskrá. Lýsing á viðmiðum um gæðastarf:

Kennarar/kennarateymi vinna saman að skipulagi náms og kennslu innan og/ eða þvert á árganga. Skipulag náms gerir ráð fyrir aðstæðum til sjálfstæðs náms og samvinnu nemenda í námi. Nemendur fá svigrúm til umræðna og vita að skoðanaskipti eru hluti af námsferli. Hlúð er að sköpunarþörf nemenda. Umsjónarkennari fylgist markvisst með framförum og líðan allra nemenda og gerir þeim og foreldrum grein fyrir stöðu og næstu skrefum. Námsumhverfi er hvetjandi til náms og gefur fjölbreytta möguleika. Upplýsingatækni er eðlilegur hluti náms- og kennsluumhverfis. Námsgögn eru fjölbreytt og nemendum aðgengileg. (Gæðaviðmið grunnskóla)

Samkvæmt innra mati þá mælist skólinn með 11 þætti yfir og á viðmiði í gæðaviðmiðum sem sett eru fram í kaflanum um inntak og námskrá en þætti sem þarfnast úrbóta eru tveir. Sjá niðurstöður hér að neðan.

2.2 Árangur náms

Skólinn fór í gegnum mat á gæðaviðmiðum sem skilgreind eru í kaflanum árangur náms. Lýsing á viðmiðum um gæðastarf:

Kennslan byggir á þeirri stefnu að allir nemendur geti tekið framförum með viðeigandi náms- og kennsluaðferðum. Nemendur gera ráð fyrir að ná árangri í námi. Allir nemendur sýna framfarir í námi. Markvisst er fylgst með árangri nemenda og nemendahópa og brugðist við þörfum með það að markmiði að viðhalda góðum árangri og bæta hann enn frekar. Nemendur sýna þá náms- og lykilhæfni sem stefnt er að samkvæmt aðalnámskrá. (Gæðviðmið grunnskóla)

Samkvæmt innra mati þá mælist skólinn með 10 þætti yfir og á viðmiði í gæðaviðmiðum sem sett eru fram í kaflanum um árangur náms en þætti sem þarfnast úrbóta eru tveir. Sjá niðurstöður hér að neðan.


2.6 Ábyrgð og þátttaka

Skólinn fór í gegnum mat á gæðaviðmiðum sem skilgreind eru í kaflanum ábyrgð og þátttaka. Lýsing á viðmiðum um gæðastarf:

Starfsfólk og nemendur koma vel fram og taka tillit til annarra. Nemendalýðræði er virkt í skólanum, með samvinnu og lýðræðislegum vinnubrögðum í skipulagi náms og skólastarfs. Nemendur vita að markvisst er leitað sjónarmiða þeirra um námsumhverfi, námstillögum, fyrirkomulag skólastarfs, líðan og félagslegar aðstæður í skólanum. Tekið er tillit til sjónarmiða nemenda og ríkar væntingar gerðar til þeirra allra. Nemendur eru hafðir með í ráðum um ákvarðanir sem snerta þá. Nemendur hafa reglulega tækifæri til að ræða málefni sín með samnemendum. Nemendafélag og nemendafulltrúar í skólaráði eru virkir og upplýsa nemendur um málefni er varða þá. Nemendur gera sér grein fyrir hlutverki sínu við að skapa jákvæðan skólabrag.

Samkvæmt innra mati þá mælist skólinn með níu þætti yfir og á viðmiði en þættir sem þarfnast úrbóta eru fjórir (sjá niðurstöður).

3. Innra mat - niðurstöður úr innra mati Engjaskóla



Fagmennskuteymi fór í gegnum mat á gæðaviðmiðum sem skilgreind eru í köflunum um innra mat.

Litið er á framkvæmd innra mats og umbætur í kjölfar þess sem mikilvægt og sjálfsagt. Innra mat er markmiðsbundið og samofið daglegu skólastarfi. Nám og kennsla er metið reglulega og er hluti af daglegu starfi kennara og stjórnenda. Innra mat byggir á margvíslegum upplýsingum sem og notaðar eru fjölbreyttar aðferðir. Greinargerðir, sem lýsa framkvæmd innra mats, helstu niðurstöðum og áætlunum um umbætur eru öllum aðgengilegar og birtast opinberlega.

Skólinn er á viðmiði í flestum þáttum. Í kaflanum um framkvæmd innra mats eru þrjú gæðaviðmið sem metin eru sem tækifæri til umbóta

Niðurstöður

Styrkleikar

Tækifæri til umbóta


Námsárangur nemenda

Hvaða matstæki voru nýtt til að meta árangur nemenda


Lesfimi

Í Engjaskóla er unnið út frá Læsisstefnu grunnskólanna í Grafarvogi og á Kjalarnesi. Lestrarkennsla í 1.-7. bekk tekur til allra þátta læsis. Niðurstöður úr lesfimi MMS voru nýttar til utanumhalds um framfarir nemenda og gripið inn í þar sem við átti. Sérkennsla, fjölbreytt og áhugaverð lestrarverkefni, markvissari lestrarkennsla og utanumhald um árangur skilar árangri nemenda í lesfimiþrófum. Inngrip voru mismikil og stóðu yfir í mislangan tíma. Niðurstöður lesfimi voru rýndar af deildarstjóra stoðþjónustu, stoðkennurum og umsjónarkennurum. Niðurstöður eru ræddar á árgangafundum með umsjónarkennurum í 1.-7. bekk. Stoðþjónustan útbýr sérstök námskeið í samstarfi við nemanda, umsjónarkennara og foreldra/forráðamenn. Stoðþjónustan og umsjónarkennarar sjá um eftirfylgni með þessum námskeiðum.

Hlutföll nemenda eftir frammistöðu samkvæmt viðmiðum
Engjaskóli, maí 2025



Meðaltal lesinna orða og viðmið eftir árgöngum
Engjaskóli, maí 2025



Orðarún

Orðarún er staðlað lesskilningspróf sem nemendur taka í 3.-7. bekk. Hér má sjá niðurstöður úr prófi 1 sem er tekið á hausti og próf 2 sem tekið er á vorin. Ef heildarprósentan nær ekki 100% þá eru einstaklingar í árgangi sem hafa ekki þreytt prófið af einhverjum ástæðum. Kennarar úr stoðþjónustu halda utanum niðurstöður og fylja þeim eftir með íhlutun.

Lesmál

Lesmál er lagt fyrir nemendur í 2. bekk í lok apríl og eru niðurstöður kynntar í upphafi skólaárs 2025. Lesmál var lagt fyrir nemendur 2. bekkjar í lok apríl 2025. Niðurstöður eru rýndar og stoðþjóustan skipuleggur íhlutun fyrir þá einstaklinga sem þurfa frekari aðstoð.

Niðurstöður

Styrkleikar

Virkilega góður árangur hjá 4.-7. bekk sem eru yfir landsmeðaltali.

Tækifæri til umbóta

Lesfimi

Nemendur í 1. - 3. bekk eru undir landsmeðaltalinu.

Lagt er upp með að allir nemendur lesi heima 15 mínútur á dag til að efla læsi og lesskilning. Nemendur eru í yndislestri í umsjón umsjónarkennara daglega á miðstigi. Reynt er eftir fremsta megni að láta nemendur í 1.-2. bekk lesa daglega fyrir umsjónarkennara eða stuðningsfulltrúa.

Rýnt er í niðurstöður skimana og prófa og aðgerðaráætlun unnin út frá því. Stoðþjóustan aðstoðar umsjónarkennara við gerð á einstaklingsnámskrám og námskeiðum sem eru í boði fyrir þá nemendur sem eru vel undir viðmiðum.

Í Engjaskóla hefur skapast dýrmæt samvinna við Korpúlfa, félag eldri borgara, en þeir veita nemendum á yngsta stigi lestraraðstoð. Með reglulegum heimsóknum styðja Korpúlfar við lestrarnám barnanna, hvetja þau áfram og auka lestraráhuga þeirra.

Segja frá úrvinnslu úr prófunum og - íhlutun stoðþjóustustu

Viðhorf og líðan nemenda

Stuttur texti um viðhorfskannanir nemenda og hvaða þættir voru metnir


Skólapúlsinn:

Engjaskóli er á viðmiði milli skóla í öllum þáttum nema á „Tíðni eineltis“ og „Ánægja af náttúrufræði“ hjá nemendum í 6.-7. bekk. Farið var í átak varðandi þessa niðurstöðu á skólaárinu. Sameiginlegt átak hjá starfsmönnum, nemendum og foreldrum. Skólinn var á viðmiðum miðað við aðra skóla í Skólapúlsi fyrir 2.-5. bekk í öllum þáttum nema vellíðan í skóla hjá einum árgangi, búið er að rýna í þær niðurstöður sem komu vel út í lok skólaárs.

Skólapúlsinn 6. og 7. bekkur



Skólapúlsinn 2.-5. bekkur



Niðurstöður

Styrkleikar


Tækifæri til umbóta


Fá inn kynningar eða námskeið fyrir kennara til að auka færi þeirra til að kenna náttúrufræði. Reglulegir bekkjarsfundir, upprifjun á Uppeldi til ábyrgðar, fara reglulega yfir skólareglur, hlusta á nemendur og sýna umhyggju ef eitthvað bjátar á. Hafa námskeið eða fund með skólaliðum. Vinna markvisst með Hamingjuhópinn. Halda áfram með Frímótför. Minna starfsmenn á að hlusta og huga að öllum nemendum ekki aðeins umsjónarnemendum. Íslenskunámskeið í boði fyrir erlenda starfsmenn. Efla upplýsingagjöfina til nemenda og foreldra varðandi hugtakið einelti.

Viðhorf og líðan starfsfólks

Stuttur texti um starfsmannakönnunina og hvaða þættir voru metnir

Starfsmannakönnun Gallup fyrir Reykjavíkurborg kom mjög vel út. Starfsmenn voru óánægðir með launakjörin, það skal tekið fram að könnunin var tekin áður en kennarasamningarnir voru í höfn og vonum við að þessi þáttur komi betur út á næsta skólaári.





Niðurstöður


Styrkleikar

Tækifæri til umbóta

Viðhorf foreldra

Stuttur texti um foreldrakönnunina og hvaða þættir voru metnir

Foreldrakönnunin kom mjög vel út en þó eru ákveðnir þættir sem þarf að skoða frekar. Í foreldrakönnuninn er skólinn undir meðaltali varðandi stjórnun og heimasíðuna einnig með úrvinnslu á eineltismálum og áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur.



Niðurstöður

Styrkleikar

Tækifæri til umbóta

Menntastefna og stefna skólans

Stuttur texti um hvaða þættir voru metnir

Engjaskóli

Í Engjaskóla er lögð mikil áhersla á nemendalýðræði, í skólanum eru nokkur ráð og hópar sem nemendur hafa tækifæri til að koma með sínar skoðanir og hugmyndir að bættu skólastarfi. Þessi ráð eru; skólaráð, nemendaráð, réttindaráð, Frímótfjör, grænfánaráð, heilsueflandi skóli. Einu sinni á ári er skólaþing fyrir alla nemendur Engjaskóla. Formskannanir eru lagðar fyrir alla nemendur og er stefnt er að því að fá foreldra með á skólaþing í Engjaskóla á næsta skólaári.

Heilsueflandi grunnskóli

Umsjónarmenn verkefnis halda virkilega vel utanum allt sem viðkemur heilsueflandi í Engjaskóla. Skólinn hefur unnið til verðlauna í Lífshlaupinu bæði hjá nemendum og starfsfólki. Umsjónarmenn halda reglulega fundi með nemendum, upplýsir starfsfólk um heilsueflandi síður eins og hreyfisiður til að taka þátt í hreyfingu dagsins. Senda upplýsingapóst til foreldra o.fl. Búið er að útbúa heimasíðu sem er aðgengileg öllum í skólanum, nemendum, foreldrum og nemendum. Umsjónarmenn sjá einnig um Frímótfjör og hitta ákveðinn hóp nemenda úr 4.-7. bekk sem tekur þátt í að skipuleggja útileiki fyrir nemendur í frímínútum.

Réttindaskóli UNICEF

Umsjónarmaður heldur vel utan um verkefnið. Umsjónarmaður hittir nemendur reglulega yfir skólaárið og þeir taka þátt í að taka ákvarðanir sem tengjast ráðinu. Til dæmis er búið er að skipta Barnasáttmálanum á milli árganga þannig að þegar nemandi klárar skólagöngu úr Engjaskóla hefur hann farið í gegnum alla þætti sáttmálans. Umsjónarmaður er búinn að útbúa heimasíðu með helstu upplýsingum um Barnasáttmálann og ráðið.

Niðurstöður

Styrkleikar

Verkefnin ganga mjög vel og verkefnastjórar halda vel utanum verkefnin.

Verkefnastjórar búnir að útbúa heimasíður sem eru aðgengileg í gengnum heimasíðu skólans og heimasíður árganga.

Tækifæri til umbóta

Á síðasta skólaári var stefnt að því að fá fulltrúa foreldra á skólaþing og það tókst mjög vel og tóku þeir m.a. þátt í að móta málstefnu skólans. Við ætlum að halda áfram að bjóða fulltrúum foreldra á skólaþing næstu árin.

Umbótaáætlun

Umbótaáætlun skólans

Umbótaáætlun er gerð út frá BravoLessons þar sem nýttar eru niðurstöður úr Skólapúlseinum og hinum ýmsu formkönnunum frá starfsmönnum, nemendum og foreldrum. Í vetur er áætlað að fara markvisst í að mæla gæði kennslustunda með innliti. Á þessu skólaári voru teknar fyrir "Gæði kennslu" með höfuðáherslu á vinnuvenjur nemenda og vinnuvenjur kennara. Viðmið um innlitlit í kennslustundir eru unnin út frá matsramma frá Nönnu Christiansen í leiðsagnarnámi.

Sameiginlegir umbótaþættir frá skólum í Austur 2024-2025 voru "Gæði kennslu" og "Umbætur og innleiðing breytinga. Skýrsa tekin úr BravoLesson og starfsáætlun.

Stefnumótun	Markmið	Leið	Viðmið árangur	Tíma- bil	Ábyrgð
Mannauður					
Starfsandi/vellíðan	Að auka ábyrgð hvers og eins á eigin líðan í starfi	Meiri tími til samveru á ýmsan máta, faglegan og félagslega styrkjandi	Góð líðan allra og góður starfsandi sem byggir á virðingu og trausti manna á milli	Alltaf	Skólastjórnendur og allt starfsfólk
Skólabragur	Að efla og festa í sessi góðan skólabrag	Mánaðarkaffi á kaffistofu. Sjálfboðaliðar sem sjá um að gera huggulegt á kaffistofu, kaffisþjall	Góður skólabragur	Alltaf	Skólastjórnendur
Starfsmannasamtöl	Að auka skilvirkni starfsmannasamtala	Hafa snerpusamtöl einu sinni á hausti og einu sinni á vori	Árangursríkari samtöl	Alltaf	Skólastjóri
Viðverusamtöl	Að auka líkur á betri líðan í starfi og þar með betri viðveru	Kalla fólk til samtals þegar viðmiðum um fjarveru er náð	Betri viðvera og betri líðan í starfi og á starfstað	Alltaf	Skólastjóri
Fagmennska kennara	Að auka fagvitund sérhvers kennara	Viðhalda þróun á teymiskennslu, leiðsagnarnámi og fjölbreyttum kennsluaðferðum, Uppeldi til ábyrgðar og innleiðing á starfendarannsóknnum	Metnaðarfullri og ánægðari kennarar	Alltaf	Skólastjórnendur
Fagmennska alm. starfsmanna	Að auka fagvitund sérhvers starfsmanns	Meiri símenntun sem hæfir daglegum verkefnum, s.s. betri skilningur á ýmsum greiningum o.fl. Íslenskukennsla fyrir starfsmenn	Metnaðarfullri og ánægðari starfsmenn	Alltaf	Skólastjórnendur
Uppbrot/gaman saman	Að nemendur og fullorðnir geri sér glaðan dag og leiki sér saman	Uppbrot í dagsparta. Íþróttir, spil ...	Betri skólabragur	Alltaf	Skólastjórnendur
Skólastarf					
Ábyrgð og þátttaka/Nemendalýðræði	Auka vægi nemenda á eigin námi og félagslífi	Samvinna við Vígyn. Efla nemendafélag. Hafa skólaþing í Engjaskóla einu sinni á ári. Halda áfram starfi Réttindaráðs, Heilsueflandi grunnskóli, Grænfánaverkefni, FrímóFjör	Viðmið um lýðræðis-þátttöku nemenda í eigin skólagöngu	Alltaf	Skólastjórnendur
Árangur náms/Læsi	Að festa Læsisfimmuna í sessi, efla lesfimi. Efla almennt læsi nemenda. Rýna til gagns þau próf sem lögð eru fyrir í skólanum t.d. lesfimiþrófin, Orðarún.	Samvinna við kennara stjórnendur fundi reglulega með árgöngu. Nýta niðurstöður úr lesfimi til að fara í íhlutun. Reglulegir fundir hjá stoðþjónustu og umsjónarkennurum. Auka hreyfingu og leik í skólastarfi,	Auka lesfimi og lesskilning barna	Alltaf	Skólastjórnendur

		Samvinna við hverfabókasafn, læsisátak í skóla einu sinni fyrir jóla og einu sinni eftir jóla,			
Skólabragur	Að skapa jákvætt og uppbyggjandi andrúmsloft í skólanum þar sem nemendum líður vel	Vinna saman að stefnumótun skólans. Vera í samstarfi við félagsmiðstöðina Vígyn og frístundaheimilið Brosbæ. Halda reglulega samveru á sal, leiðsagnarnám bætir skólabrag, teymiskennsla, vinabekkir. Gefa út sameiginlegar reglur t.d. varðandi umgengni í rýmum skólans	Að skólabragurinn verði jákvæður og nemendum líði vel samkvæmt könnunum sem gerðar eru árlega í skólanum Kennslan byggir á þeirri stefnu að allir nemendur geti tekið framförum með viðeigandi náms- og kennsluaðferðum	Alltaf	Skólastjórnendur og allt starfsfólk skólans
Verklag					
Innra mat	Að meta einstaka þætti í skólastarfinu með umbætur í huga. Notast við Bravo Lesson til að halda utan um matið. Samvinna í innleiðingu á innra mati við alla skólana í Austurmiðstöð og SFS	Starfsmannakönnun Reykjavíkurborgar, viðhorfakönnun send á foreldra, Skólapúlsinn, tengslakannanir, námsmat o.fl. Innlit í kennslustundir. Rýna reglulega í niðurstöður og framkvæma aðgerðir eftir þörfum. Vinna með þau viðmið sem eru í innleiðingarferli og samstarfi við skólana tengda Austurmiðstöð	Jákvætt viðhorf til skólastarfsins. Bættur námsárangur nemenda, gæði kennslustunda	Alltaf	Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri
Skilvirkni funda	Að auka skilvirkni funda og þátttöku/ ábyrgð allra fundarmeðlima. Festa í sessi lausnateymisfundir í samvinnu við Austurmiðstöð	Vel skipulagðir/auglýstir fundir. Hægt að hafa fjarfundi oft. Festa niður reglulega fundartíma.	Sameiginleg ábyrgð starfsmanna á samvinnu	2023-2026	Skólastjórnendur
Tengsl við foreldrafélag/bekkjarfulltrúa	Að virkja samstarfsáætlun skóla og skólaforeldra	Festa í sessi samvinnuverkefni	Meiri samábyrgð og traust milli skóla og heimila	2023-2026	Skólastjórnendur og stjórn foreldrafélagsins
Fjármál					
Nýting fjármagns/aukin gæði skólastarfs	Áframhaldandi góð nýting fjármagns skólans til betra skólastarfs	Greinargóð fjárhagsáætlun og viðmið	Að rekstur sé innan fjárheimilda	Alltaf	Skólastjóri

Svið - Nám og kennsla

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
2. Nám og kennsla 2.1. Inntak og námskrár 1.2. Faglegt samstarf og samræða Deild Skólinn Ábyrgð Álfheiður Einarsdóttir	1.2. Reglulegir samstarfsfundir þar sem árangurog aðferðir eru ræddar. Vantar faglega umræðu um ákveðin verkefni. Skipuleggja betur. Athuga með fundarstjórn og ákveðu málefni.	Hafa skipulagða fagfundir á stigum til að kennarar geti borið saman bækur sínar. Hafa einstaka sinnum örfundi t.d. fyrir skerta daga.	22/06/2025	Skólastjórnendur	Í vinnslu	Formskönnun fyrir kennara, rýnivíðtöl við kennara, starfsmannakönnun rýnd	Áætlun um fundi skýr og fyrir hendi. Samstarf á milli teyma gott, samvinna á milli árganga skýrt.
	2.1. 10 Stuðningur er fjálfreyttur og tekur til allra þátta skólastarfsins.	Tækifæri til úrbóta: Búið að skerpa á verkefnum sem þarf að kynna vel og vandlega við upphaf skólaárs og hafa sýnilega svo allir viti hvað á að gera í erfiðum aðstæðum.	22/06/2025	Skólastjórnendur, Engjaskóli Kennarar	Í vinnslu	Rýnivíðtöl við kennara, lausnateymi, deildarstjóra stoðþjónustu og stoðkennslukennara.	Kennarar og starfsmenn vita nákvæmlega hvernig á að bregðast við óvæðigandi hegðun nemanda.
	2.1.9 Tækifæri til úrbóta: Meiri samvinna á milli umsjónarkennara og stoðþjónustunnar. Það þarf að koma einstaklingsnámskrám inn í mentor og þar þarf að vera hægt að gefa fyrir verkefni nemandans. Deila verkum og ábyrgð milli fólks. Eins og með t.d. teymisfundir.	Búið að vera að bæta ferlið í kringum einstaklingsnámskrámur en stefnt er að því að halda áfram að þróa ferlið enn frekar. Huga að öllum hagsmunaaðilum við gerð þeirra og hafa nemandann með í ráðum. Meiri samvinna á milli umsjónarkennara og stoðþjónustunnar. Huga að því að koma einstaklingsnámskrám inn í mentor og þar þarf að vera hægt að gefa fyrir verkefni nemandans. Deila verkum og ábyrgð milli fólks. Eins og með t.d. teymisfundir.	06/06/2026	Álfheiður Einarsdóttir Deildarstjóri stoðþjónustu Umsjónakennarar	Í vinnslu	Rýnifundur með umsjónarkennurum og stoðþjónustu. Foreldrakönnun	Ánægja og öryggi þegar unnið er með einstaklingsáætlanir. Nemendur, foreldrar og kennarar sjá árangur hjá nemanda sem fylgir einstaklingsáætlun. Námsárangur skýr.

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
2. Nám og kennsla 2.3. Gæði kennslu Deild Skólinn Ábyrgð Álfheiður Einarsdóttir	2.2.3 Stjórnendur fóru í innlit í kennslustundir og fylgdust reglulega með kennslu yfir veturinn.	Heilt yfir eru kennarar metnaðarfullir og fylgja stefnu skólans og yfirvalda í sinni kennslu. Kennarar sýndu mikla fagmennsku þegar þeir kynntu starfendaránnsóknir sínar. Gáttistar varðandi gæði kennslu komu mjög vel út. Halda áfram að styðja við þróunarstarf kennara og veita faglega forystu.	30/06/2025	Álfheiður Einarsdóttir	Í vinnslu	Hafa reglulegt innlit til að fylgjast með gæðastarfi í skólastarfi	Gáttistar frá Nönnu Kristínu Christiansen nýttir til að meta gæði kennslu.
	2.3.9. Stuðningur við einstaka nemendur er skipulagður með rökstuddri einstaklingsnámskrá innan ramma bekkjarnámskrár.	Haldið verður áfram að vinna að bættu skipulagi varðandi einstaklingsnámskráir í vetur í samstarfi við stoðþjónustuna og umsjónarkennara. Stefna að því að fá nemendur meira inn í samtalið.	30/06/2025	Álfheiður Einarsdóttir	Í vinnslu	Rýnivíðtöl við kennara í stoðþjónustu og í starfsþróunarsamtali við kennara.	Nemendur, kennarar og foreldrar ánægðir með einstaklingsnámskrár. Nemandi sýnir framfarir sem eru metnar út frá einstaklingsnámskrá.

Svið - Skólapúlslinn

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Skólapúlslinn nemendur Deild Skólinn Ábyrgð Álfheiður Einarsdóttir	Ánægja af náttúrufræði	Fá inn kynningar eða námskeið fyrir kennara til að auka færni þeirra til að kenna náttúrufræði.	06/06/2026	Álfheiður Einarsdóttir, Engjaskóli Kennarar	Í vinnslu	Skoða niðurstöður úr Skólapúlslí skólaári 2025-2026	Meiri ánægja með náttúrufræði
	Bæta líðan nemenda og námsárnaður	Reglulegir bekkjafundir, upprifun á Uppeldi til ábyrgðar, fara reglulega yfir skólareglur, hlusta á nemendur og sýna umhyggju ef eitthvað bjátar á. Hafa námskeið eða fund með skólalíðum.	06/06/2026	Álfheiður Einarsdóttir, Allir Starfsmenn	Í góðum farvegi	Rýnt í niðurstöður úr Skólapúlslí.	Vera á eða undir viðmiði í landsmeðaltalinu úr Skólapúlslí.
	Tíðni eineltis (jákvæðar breytingar frá síðasta skólaári)	Vinna markvisst með Hamingjuhöpinn. Halda áfram með Frímótför. Minna starfsmenn á að hlusta og huga að öllum nemendum ekki aðeins umsjónarnemendum. Íslenskunámskeið í boði fyrir erlenda starfsmenn. Efta upplýsingagjöfina til nemenda og foreldra varðandi hugtakið einelti.	06/06/2026	Álfheiður Einarsdóttir	Í vinnslu	Staða skoðuð í Skólapúlslí 2025-2026	Tíðni eineltis verði undir landsmeðaltali

Svið - N/A

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
1. Stjórnun og fagleg forysta 1.4 Umbætur og innleiðing breytinga Deild Skólinn Ábyrgð Álfheiður Einarsdóttir	1.4.2. Til er skráð verklag hvernig gögn út frá viðbendingu um árangur og líðan eru nýtt í skipulag kennslu til að efla árangur og framfarir nemenda.	Vinna með nýjar námskrár á þessu skólaári. Hafa kynningarfundir fyrir foreldra að hausti til að upplýsa um námsmat og hvernig skólinn vinnur með árangur og framfarir nemenda.	30/06/2025	Álfheiður Einarsdóttir Skólastjórnendur, Engjaskóli Kennarar	Í vinnslu	Stjórnendur ylgjast með að námskrár séu tilbúnar á heimasíðu	Námskrár verði komnar til birtingar á haustönn og vitnisburður klár með nýjum viðmiðum á vorönn 2026.
Skólapúlslinn foreldrakönnun Deild Skólinn Ábyrgð Álfheiður Einarsdóttir	1.2. Ánægja foreldra með stjórnun skólans. Óánægja með heimasíðuna.	Auglýsa heimasíðuna reglulega, stjórnendur senda upplýsingapösta á foreldra/forráðamenn einu sinni á önn.	06/06/2026	Álfheiður Einarsdóttir	Í vinnslu	Niðurstöður úr Skólapúlslí fyrir foreldra rýndar.	Viðhorf foreldra betra eða á pari við landsmeðaltal úr Skólapúlslí.

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
2. Nám og kennsla 2.2. Árnagur náms 2.6. Ábyrgð og þátttaka Deild Skólinn Ábyrgð Álfheiður Einarsdóttir	2.2.10. Árangur náms Skólinn viðheldur eða bætir stöðu sína í samskiptum og líðan nemenda, þ.m.t. einelti.	2.2.10 Átak í samskiptum í samvinnu við nemendur, starfsmenn og foreldra, skýrari verkferlar. Reglulegir bekkjarfundir, vikupóstar, sameiginlegt átak allra í skólasamfélaginu. Senda póst á foreldra, samstillt átak allra.	22/06/2025	Álfheiður Einarsdóttir, Allir Starfsmenn	Í vinnslu	Mælanleg viðmið frá Skólapólusi sem hægt er að skoða og virna með. Einneltisæðtun sýnileg á heimasíðu og verkferlar.	Bætt líðan nemenda sýnileg í Skólapólusi og viðmið yfir meðaltali nemenda í Reykjavík
	2.2.3 Kennslan byggir á þeirri stefnu að allir nemendur geti tekið framförum með viðeigandi náms- og kennsluáðferðum. Nemendur gera ráð fyrir að ná árangri í námi. Allir nemendur sýna framfarir í námi. Markvisst er fylgst með árangri nemenda og nemendahópa og brugðist við þörfum með það að markmiði að viðhalda góðum árangri og bæta hann enn frekar. Nemendur sýna þá náms- og lykilhæfni sem stefnt er að samkvæmt aðalnámskrá.	2.2.3. Gera nákvæmari og betri einstaklingsnámskrár út frá hæfniviðmiðum en búa niður með námsmarkmiðum eða árangursviðmiðum, regluleg endurskoðun og uppfærsla á einstaklingsnámskrám, hafa einstaklingsnámskrár sýnilegar á árgangsfundum og teymisfundum með foreldrum. Stjórnendur skilgreina tíma í þessa vinnu og væntingar til kennara varðandi þessa faglegu vinnu, ábyrgð liggur hjá kennurum. Unnið er að því að útbúa nýjar námskrár á þessu skóladri sem verður kynnt fyrir nemendum og foreldrum á haustdögum þegar námskrámar eru tilbúnar.	22/06/2025	Álfheiður Einarsdóttir Skólastjórnendur Kennarar	Í vinnslu	Deildarstjóri stoðþjóstu og stjórnendur fylgist reglulega með gerð einstaklingsnámskrá. Umsjónarkennarar bera ábyrgð á að gera einstaklingsnámskrá.	Allir nemendur sem eru með einstaklingsnámskrá eru að vinna samkvæmt henni og hún uppfærð reglulega.
	2.6.12 Ábyrgð og þátttaka Nemendafulltrúar í skólaráði og á öðrum nefndum á vegum skólans fá til þess þjálfun. Rýnihópur kennara.	Stjórnendur stefna á að útbúa og vera með kynningu eða námskeið fyrir alla fulltrúa í ráðum í Engjaskóla.	22/06/2025	Skólastjórnendur	Í góðum farvegi	Rýnivíðtöl við nemendur á mistigi sem eru í skólaráði, nemendaráði, réttindaráði, heilsueflandi- og grænánanefnd	Rýnivíðtöl við nemendur á mistigi í nemendaráði, réttindaráði, skólaráði, heildueflandi- og grænánanefnd
	2.6.3 Ábyrgð og þátttaka Nemendur hafa tækifæri til samvinnu um skipulag náms og skólastarfs.	Vinum í anda leiðsagnarnáms og mikið um samvinnuverkefni. Þurfum að gera betur t.d. markvissari samvinna og skipulag nemenda á skólastarfi. Í Fimmuvinnu eru nemendur markvisst að vinna í samvinnu. Mætti gera betur með því að lofa nemendum að skipuleggja t.d. Fimmu.	22/06/2025	Skólastjórnendur Kennarar	Í góðum farvegi	Skoða niðurstöður í Skólapólusi varðandi sjálfstæði nemenda með að skipuleggja eigið nám	Vera yfir meðaltali í Skólapólusi varðandi líðan nemenda, sjálfstæði í vinnubrögðum, taka þátt í að skipuleggja eigið nám.
	2.6.6. Ábyrgð og þátttaka Nemendur fá kennslu og þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri til að hafa áhrif.	Allir árgangar horfi á myndbönd og skýringar á ráðum í skólanum. Hlutverk fulltrúa þurfa að vera skýrari og umsjónarkennarar þurfa að gefa þeim tækifæri til að fá upplýsingar frá höpunum og einnig að miðla upplýsingum til hópsins.	22/06/2025	Skólastjórnendur Kennarar, BravoLesson Kerfisstjóri	Í góðum farvegi	Rýnivíðtöl við nemendur í nemendaráði, Stjórnendur fylgjast með að allir árgangar séu upplýstir og merkja við hvaða árgangar eru búnir að taka þetta fyrir.	Nemendur á mistigi viti hvernig ferlið er varðandi það að koma skoðunum sínum á framfæri í skólanum. Staðan tekni í rýnivíðtölum við nemendur í nemendaráði